

AUGLÝSING**um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Kiribati.**

Með erindaskiptum dags. 10. júlí 1979 og 24. janúar 1980 milli breska sendiráðsins í Reykjavík fyrir hönd ríkisstjórnar Kiribati lýðveldisins og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið að gagnkvæmt samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Kiribati haldi gildi sínu með stoð í samningi Íslands og Bretlands þar til nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn Kiribati.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. ágúst 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Nr. 12.

13. ágúst 1980.

AUGLÝSING**um bráðabirgðasamkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og St. Vincent og Grenadine-eyja.**

Með erindaskiptum dags. 25. september 1979 og 24. janúar 1980 milli breska sendiráðsins í Reykjavík fyrir hönd ríkisstjórnar St. Vincent og Grenadine-eyja og utanríkisráðuneytisins hefur verið ákveðið að gagnkvæmt samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og St. Vincent og Grenadine-eyja haldi gildi sínu með stoð í samningi Íslands og Bretlands þar til nýr samningur verður gerður við ríkisstjórn St. Vincent og Grenadine-eyja.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. ágúst 1980.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.